



HVATARBLAÐIÐ



17. júní
hátíðarhöld

kl. 13:00 Skrúðganga frá Verzluninni Borg

að Félagsheimilinu Borg

Hátíðarræða

Ávarp fjallkonu

Grillaðar pylsur og gos

Leiktæki á grasvellinum

(Þau börn sem eiga fána frá fyrri árum endilega munið eftir þeim.)



504. fundur Sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps 5. maí 2021 kl. 9:00 - 13:10 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Smári Bergmann Kolbeinsson
Ingibjörg Harðardóttir
Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Ársreikningur Grímsnes- og Grafningshrepps.

Ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2020 lagður fram til fyrri umræðu. Á fundinn mætti Ólafur Gestsson endurskoðandi PwC og fór yfir reikninginn. Ársreikningi vísað til annarrar umræðu.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 92. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 27. apríl 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 28. fundar fjallskilaneftndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 28. apríl 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð fjallskilaneftnda Grímsnes- og Grafningshrepps og Laugardals, 22. mars 2021.

Mál nr. 2, 3 og 4 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Eftirfarandi dagskrárlíðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 2: Vegakerfið inn á afrétt milli fjalla.

Rætt var um vegi sem liggja inn á afrétt. Vegirnir eru mjög stórgrýttir og þarfnast lagfæringar til að hægt sé að sinna fjallferðum á öruggan hátt. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita/sveitarstjóra að ræða við forsvarsmenn Bláskógabyggðar um mögulegar lagfæringar á vegum.

Mál nr. 3: Ingólfshólf í Þingvallasveit.

Rætt var um Ingólfshólf sem staðsett er í Þingvallasveit. Þörf er á að laga aðkomu við hólfíð ásamt því að laga til girðingar í kring og hlið. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita/sveitarstjóra að ræða við forsvarsmenn Bláskógabyggðar um sameiginlega lagfæringu á hólfinu.

Mál nr. 4: Girðing meðfram Laugarvatnsvegi.

Rætt var um girðingu meðfram Laugarvatnsvegi og þá miklu þörf sem er

á því að leggja girðingu meðfram veginum, allt frá Apavatni að Eyvindartungu.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita/sveitarstjóra að ræða við forsvarsmenn Bláskógabyggðar.

d) Fundargerð 216. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 28. apríl 2021.

Mál nr. 20, 21, 22, 23, 24, 25, 26 og 31 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 216. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 28. apríl 2021. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 20: Grænahlið; Efri-Brú; Hliðrun lóða og skilmálabreyting; Deiliskipulagsbreyting - (2012039).

Lögð er fram deiliskipulagsbreyting sem tekur til deiliskipulags að Grænuhlíð í landi Efri-Brúar eftir auglýsingu. Í breytingunum felst hliðrun á lóðum og grænum svæðum innan skipulagssvæðisins auk breytinga á greinargerð þar sem settar eru fram nánari kvaðir varðandi útlit og eðli bygginga og lóðaframkvæmda. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og brugðist hefur verið við umsögnum með uppfærslu á deiliskipulagsuppdrætti.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða deiliskipulagsbreytingu eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna málsins á fullnægjandi hátt að mati sveitarstjórnar. Innan umsagnar Vegagerðarinnar eru gerðar athugasemdir við tengingu sem umsótt deiliskipulagsbreyting tekur ekki til og telur sveitarstjórn því ekki ástæðu til að bregðast við athugasemd Vegagerðarinnar að svo komnu máli. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 21: Kiðjaberg 27 Hlíð L227823 og Kiðjaberg 28 Hlíð L227824; Breytt lega og stærð; Deiliskipulagsbreyting - (2101072).

Lögð er fram deiliskipulagsbreyting sem tekur til lóðanna Kiðjaberg 27 Hlíð og Kiðjaberg 28 Hlíð innan frístundasvæðis að Kiðjabergi. Í breytingunni felst breytt lega og stærð lóðanna. Athugasemdir bárust á grenndarkynningartíma breytingarinnar sem voru dregnar til baka fyrir afgreiðslu nefndarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið verði samþykkt eftir grenndarkynningu og taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild stjórnartíðinda.

Mál nr. 22: Mýrarkot lóð L169228; Bræðraborg; Breytt heiti lóðar - (1902008).

Lögð er fram umsókn um breytt staðfang landsins Mýrarkot lóð L169228. Sótt er um að landið fái staðfangið Bræðraborg. Málinu var frestað á 171. fundi skipulagsnefndar þar sem gerð var athugasemd við að mannvirki væru ekki í samræmi við núgildandi deiliskipulag svæðisins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða umsókn um staðfangabreytingu landeignarinnar.

Mál nr. 23: Eyvík 3 (L231154); umsókn um byggingarleyfi; íbúðarhús með innbyggðri geymslu - (2104049).

Fyrir liggur umsókn Bergs Þ. Briem, móttækin 15.04.2021, um byggingarleyfi til að byggja 215,9 m² íbúðarhús með innbyggðri geymslu á íbúðarhúsaloðinni Eyvík 3 L231154 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Smári Bergmann Kolbeinsson vék sæti við afgreiðslu málsins.

Mál nr. 24: Þórisstaðir land L220557; Landbúnaðarsvæði breytt í verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting - (2002001).

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Þórisstaða lands L220557. Í breytingunni felst breytt landnotkun landbúnaðarsvæðis í verslunar- og þjónustusvæði innan landeignarinnar. Innan svæðisins er ætlunin að rísi þyrping gistihúsa með tilheyrandi þjónustumannvirkjum. Umsagnir bárust við kynningu lýsingar verkefnisins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillöguna til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa falið að annast samskipti við hönnuð varðandi uppfærslu gagna fyrir kynningu í takt við umsögn Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 25: Borg í Grímsnesi; Land sveitarfélags norðan Biskupstungnabrautar; Þéttbýli; Aðalskipulagsbreyting - (2009016).

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi eftir kynningu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi tillögu um breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna þéttbýlisins á Borg í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 26: Selhólsvegur 10 (L169406); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður á tveimur hæðum að hluta - (2102052).

Lögð er fram að nýju umsókn er varðar Selhólsveg 10. Málið var til afgreiðslu á 212. fundi skipulagsnefndar þar sem það var samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu. Að auki mæltist nefndin til þess að skipting lóðarinnar á grundvelli deiliskipulags yrði kláruð áður en byggingarleyfi væri afgreitt. Óskað er eftir því að fallið verði frá fyrri bókun er varðar skiptingu lóðarinnar á grundvelli deiliskipulags.

Núverandi lega nýbyggingar á svæðinu er á sama stað og fyrra hús sem var innan lóðarinnar og hafa lóðarmörk því ekki bein áhrif á staðsetningu hússins eða byggingarheimildir. Lóðarmörk upp að lóð 15C liggja að auki fyrir. Málið var grenndarkynnt án athugasemda.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða útgáfu byggingarleyfis innan

lóðarinnar á grundvelli rökstuðnings umsækjanda. Engar athugasemdir bárust vegna grenndarkynningar byggingarmálsins. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 31: Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21-141.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. apríl 2021.

e) Fundargerð 301. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, 13. apríl 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 211. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 23. apríl 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 46. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 16. apríl 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð stjórnar Listasafns Árnesinga, 14. apríl 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Gert var fundarhlé frá klukkan 10:45-12:30.

3. Samþykkt um fráveitur í Grímsnes- og Grafningshreppi, seinni umræða.

Fyrir liggur samþykkt um fráveitur í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi samþykkt um fráveitur.

4. Efnistaka úr námu E12 í landi Miðengis.

Fyrir liggur bréf frá Vigfúsi Þór Hróbjartssyni skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins, til landeiganda í Miðengi, þar sem farið er fram á að öll efnistaka úr námu E12 verði stöðvuð þá og þegar þar til fyrir liggur ítarleg mæling á yfirborði og umfangi efnis sem tekið hefur verið úr námunnunni og sótt hefur verið um framkvæmdaleyfi vegna efnistökkunar. Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsfulltrúa að stöðva framkvæmdir þar til umrædd gögn og framkvæmdaleyfi liggja fyrir.

5. Bonn áskorunin – endurheimt skógarlandslags.

Fyrir liggur bréf frá Hreini Óskarssyni hjá Skógræktinni og Gústav M. Ásbjörnssyni hjá Landgræðslunni, dagsett 28. apríl 2021, þar sem kynnt er Bonn áskorunin sem er aðjöldlegt átak um endurheimt skóga á stórum samfelldum svæðum eða landslagsheildum og er skipulagt af Alþjóða náttúruverndarsamtökunum (IUCN) í samstarfi við fleiri aðila. Óskað er eftir afstöðu sveitarfélagsins til þátttöku í verkefninu, tillögum að svæðum umfram þau sem eru í umsjá ríkisstofnana og hvort og með hvaða hætti slík skilgreining gæti orðið hluti af skipulagi sveitarfélagsins. Oddvita falið að afla frekari upplýsinga.

6. Hlutaþréfakaup í Límtré-Vírnnet.

Fyrir liggur bréf frá Stefáni Árna Einarssyni forstjóra Límtré-Vírnets, dagsett 28. apríl 2021 þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarfélagsins til þess að selja hlutaþréf sín í Límtré-Vírnnet til Stefáns. Á sama tíma er verið að kanna áhuga annarra minnihlutaeigenda á sölu á þeirra hlutaþréfum í fyrirtækinu. Hugsanleg kaup á hlutaþréfum eru gerð með fyrirvara um samþykki hluthafa Límtré-Vírnets svo og um fjármögnun á kaupunum.

Oddvita falið að afla frekari upplýsinga.

7. Orkufundur 2021 á vegum Samtaka orkusveitarfélaga.

Fyrir liggur að Orkufundur 2021 verður haldinn föstudaginn 28. maí n.k. í Ráðhúsi Ölfuss.

Lagt fram til kynningar.

8. Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands 2021.

Fyrir liggur að aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands 2021 verður haldinn rafrænt miðvikudaginn 12. maí n.k. vegna fjölda- og fjarlægðartakmarkana.

Lagt fram til kynningar.

9. Stöðuskýrsla nr. 13 frá uppbyggingarteymi félags- og atvinnumála vegna Covid-19.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Mariu Ingibjörgu Kristjánsdóttur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 23. apríl 2021, þar sem kynnt er 13. stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19. Skýrslan lögð fram til kynningar.

10. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 102/2021, „Grænbók um net- og upplýsingaöryggi“.

Fyrir liggur að Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 102/2021, „Grænbók um net- og upplýsingaöryggi“. Grænbókin lögð fram til kynningar.

11. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um fjöleignarhús (rafrænir húsfundir og fjölbreytt húsnæði), 748. mál.

Fyrir liggur beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um fjöleignarhús (rafrænir húsfundir og fjölbreytt húsnæði), 748. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

12. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um barnaverndarlög (barnaverndarþjónusta, samþætting o.fl.), 731. mál.

Fyrir liggur beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um barnaverndarlög (barnaverndarþjónusta, samþætting o.fl.), 731. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

13. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónusta við flugumferð, 702. mál.

Fyrir liggur beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónusta við flugumferð, 702. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

14. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um skráða sambúð fleiri en tveggja aðila, 539. mál.

Fyrir liggur beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um skráða sambúð fleiri en tveggja aðila, 539. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

15. Beiðni Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, nr. 162/2006 (gagnsæi, skráning og vinnsla persónuupplýsinga), 668. mál.

Fyrir liggur beiðni Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, nr. 162/2006 (gagnsæi, skráning og vinnsla persónuupplýsinga), 668. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.



Skólaslit Kerhólsskóla verða 4. júní í Félagsheimilinu Borg

1. - 4. bekkur kl. 10:00

5. - 10. bekkur kl. 11:00

Skólastjóri



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga.

Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga – fimmtudaga.

Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir.

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is



**506. fundur Sveitarstjórnar
Grímsnes- og Grafningshrepps
19.05 kl. 09:00 - 11:40 í
Stjórnsýsluhúsinu Borg**

Sveitarstjórn

Fundinn sátu:

Steinar Sigurjónsson í fjarveru Ásu Valdísar Árnadóttur
Björn Kristinn Pálmarsson
Smári Bergmann Kolbeinsson
Karl Þorkelsson í fjarveru Ingibjargar Harðardóttur
Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Steinar Sigurjónsson.

Varaoddviti leitar afbrigða.

Samþykkt samhljóða.

Samningur um refa- og minkaveiðar í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 217. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 12. maí 2021.

Mál nr. 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18 og 27 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 217. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 12. maí 2021. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 9: Vatnsnes L168292; Breytt notkun landbúnaðarsvæðis; Aðalskipulagsbreyting - (2104056).

Lögð er fram umsókn frá Þorsteini Magnússyni er varðar breytingu á aðalskipulagi innan jarðarinnar Vatnsnes L168292. Í breytingunni felst að skilgreint verði afþreyingar- og ferðamannasvæði innan jarðarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa málinu til vinnu sem nú stendur yfir vegna heildarendurskoðunar aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 10: Hrossakrókar L231319; Hjólhýsabyggð; Fyrirspurn - (2104076).

Lögð er fram fyrirspurn er varðar hugsanlega heilsárs hjólhýsabyggð í landi Hrossakróka L23139.

Sveitarstjórn telur að ekki sé lagaheimild fyrir heilsárs hjólhýsabyggðum og hafnar því erindinu samhljóða.

Mál nr. 11: Tjarnarlaut 5 L170911; Viðbygging; Byggingarheimild; Fyrirspurn - (2104072).

Lögð er fram fyrirspurn frá Ingunni Sveinsdóttur er varðar byggingarheimildir á lóð Tjarnarlautar 5 L170911 í landi Nesja.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framlagt byggingarmagn Tjarnarlautar 5 sem lagt er til innan fyrirspurnar. Í undantekningatilfellum sé heimilt að notast við nýtingarhlutfall 0,05 innan frístundalóða samkvæmt gildandi skilmálum aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps. Sveitarstjórn telur fyrirspurnina jafnframt vera í samræmi við gildandi deiliskipulag svæðisins.

Mál nr. 12: Kringla 4 L227914; Kringla 9; Skipting lands - (2104067).

Lögð er fram umsókn Ingibjargar G. Geirsdóttur, dags. 16. apríl 2021, um stofnun landeignar úr Kringlu 4 L227914. Um er að ræða 15 ha spildu sem óskað er eftir að fái staðfangið Kringla 9. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða erindið. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga.

Mál nr. 13: Grýluhraun 1, 3 og 5; Farborgir; Sameining lóða; Deiliskipulagsbreyting - (2008091).

Lögð er fram að nýju umsókn um breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóða Grýluhrauns 1,3 og 5. Skipulagsnefnd og sveitarstjórn höfðu áður hafnað sameiningu lóðanna í október og nóvember 2020. Sú afgreiðsla var felld úr gildi með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 127/2020.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins á þeim grundvelli að lóð Grýluhrauns 1 teljist illbyggileg vegna náttúrulegra aðstæðna á svæðinu að mati skipulagsfulltrúa.

Sveitarstjórn telur samþykktina ekki vera fordæmisgefandi gagnvart öðrum umsóknum er taka til sameiningu lóða innan frístundasvæða. Forsenda þess að unnt sé að verða við beiðni um sameiningu eru náttúrulegar aðstæður innan lóðarinnar sem taka hefði átt tillit til við deiliskipulagningu svæðisins í upphafi. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt næstu nágrönnum og sumarhúsafélagi svæðisins.

Mál nr. 14: Sólheimar, byggðahverfi; 2020-2025; Deiliskipulag - (2011022).

Lögð er fram tillaga frá Sólheimum ses. varðandi heildarendurskoðun deiliskipulags að Sólheimum eftir kynningu. Innan deiliskipulagsins eru m.a. skilgreindar lóðir og byggingarreitir auk byggingaskilmála. Umsagnir bårust á kynningartíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðri tillögu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 15: Hvítárbraut 27 (L169726); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður - viðbygging - (2104058).

Fyrir liggur umsókn Guðrúnar H. Brynleifsdóttur, móttokin 19.04.2021, um byggingarleyfi til að byggja við 67,4 m² sumarbústað á sumarbústaðalóðinni Hvítárbraut 27 L169726 í Grímsnes- og Grafningsshreppi. Heildarstærð á sumarbústað eftir stækkun verður 132,9 m².

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 16: Klausturhólar lóð (L175929); umsókn um byggingarleyfi; fjarskiptamastur - (2104085).

Fyrir liggur umsókn Guðjóns Þ. Sigfússonar fyrir hönd Milu ehf., móttokin 23.04.2021, um byggingarleyfi til að reisa 30 m fjarskiptamastur á viðskipta- og þjónustulóðinni Klausturhólar lóð L175929 í Grímsnes- og Grafningsshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða útgáfu byggingarleyfis á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 17: Þorkelsholt L227919; Vegsvæði - (2104068).

Lögð er fram umsókn Ingibjargar G. Geirsdóttur, dags. 16. apríl 2021, um stofnun vegsvæðis. Um er að ræða 3.201 fm spildu, Þorkelsholt vegsvæði, úr landi Þorkelsholts L227919 sem verður 73.199 eftir stofnun.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða stofnun vegsvæðisins skv. fyrirbyggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga.

Mál nr. 18: Sogsvirkjanir; H20 og H22; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting - (1811018).

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna Sogsvirkjana. Í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningsshrepps 2008-2020 falla stöðvarnar þrjár og háspennulína í tengslum við virkjanir undir landnotkun iðnaðarsvæðis. Í aðalskipulagsbreytingunni er reiknað með að svo verði áfram og þar verði einnig gerð grein fyrir opnum svæðum, stofnanasvæðum, íbúðasvæðum, golfvelli, hverfisverndarsvæði og svæðum á náttúruuminjaskrá. Í aðalskipulagsbreytingunni er almenn stefna og markmið varðandi Sogsvirkjanir og umhverfi þeirra óbreytt frá núverandi aðalskipulagi þar sem um er að ræða í meginatriðum nánari og nákvæmari útfærsla á því sem fyrir er á svæðunum. Umsagnir bårust vegna lýsingar sem var í kynningu til 23.4.2020 og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 27: Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21-142.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. maí 2021.

b) Fundargerð fundar starfshóps um svæðisskipulag fyrir Suðurrhálendið, 30. apríl 2021.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Drög að starfsreglum.

Fyrir liggja drög að starfsreglum fyrir svæðisskipulagsnefnd Suðurlandis.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög.

c) Fundargerð 7. fundar Almennavarnarnefndar Árnassýslu, 22. mars 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð framkvæmdaráðs Almennavarna Árnassýslu, 22. mars 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 14. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu, 3. febrúar 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 15. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu, 13. apríl 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 20. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga, 3. maí 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 199. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga, 10. maí 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 569. fundar stjórnar SASS, 7. maí 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

J) Fundargerð 897. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 30. apríl 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Erindi frá Leikfélagi Sólheima.

Fyrir liggur bréf frá Hallbirni V. Rúnarssyni formanni Leikfélags Sólheima, dags. 6. maí 2021, þar sem óskað er eftir styrk frá sveitarfélaginu að upphæð 250.000 kr. vegna uppsetningar á sýningu leikfélagsins „Árar, álfar og tröll: Sólheimaaævintýri“ á

fjöllum Þjóðleikhússins. Gegn styrkveitingu er leikfélagið tilbúið að bjóða nemendum og starfsfólki Kerhólsskóla upp á sýsýningu á verkinu, ásamt því að bjóða upp á aðstöðu fyrir vorhátíð skólans.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk.

3. Sorpútboð 2021-2025.

Fyrir liggja útboðsgögn vegna útboðs í sorphirðu Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir árin 2021-2025.

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að gögn verði lagfærð áður en til útboðs kemur.

4. Bréf frá Meltuvinnslunni ehf. vegna innheimtu á fasteignagjöldum á sumarhúsalóðum við Björk.

Fyrir liggur bréf frá Kristjáni Sverrissyni fyrir hönd Meltuvinnslunnar ehf., dags. 10. maí 2021, þar sem þess er krafist að sveitarfélagið endurgreiði Meltuvinnslunni ehf. 1.500.966 kr. auk dráttarvaxta frá 28. apríl 2021, þar sem það sé sú upphæð sem sé oftekin miðað við útreikninga þeirra á vinnu Lögheimtunnar út af máli tengdu vangreiddum fasteignagjöldum af lóðum að Björk. Að auki er þess krafist að lögfræðikostnaður vegna annarra skulda Meltuvinnslunnar ehf. og Litla lands ehf. verði felldur niður.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl., að svara erindinu.

5. Úrskurður nr. 13/2021 frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Fyrir liggur úrskurður frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 13/2021, þar sem kærð var ákvörðun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 16. desember 2021 um að samþykkja erindi kæranda um skiptingu jarðarinnar Foss með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi jarða þar sem það eigi við. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar er að það skilyrði sem sett er í hinni kærðu ákvörðun að „samþykki aðliggjandi landeigenda liggja fyrir þar sem það á við“ er fellt úr gildi.

Lagt fram til kynningar.

6. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki IV á Hótel Borealis að Brúarholti 2.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dags. 11. maí 2021, þar sem óskað er eftir umsögn vegna leyfis til reksturs

gististaðar í flokki IV að Brúarholti 2, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

7. Lyngdalur.

Fyrir liggur erindi frá Magnúsi Ingberg Jónssyni, dags. 14. maí 2021, þar sem lögð er fram tillaga að vegtengingu að Lyngdal (L168232).

Sveitarstjórn telur að framkomin tillaga sé ekki heppilegasta aðkoman að Lyngdal út frá hagsmunum sveitarfélagsins sem landeigenda að Björk 1. Sveitarstjórn telur vænlegra að vegtengingin sé í samræmi við aðalskipulagsupphrátt.

Formanni veitunefndar og oddvita falið að vinna málið áfram.

8. Erindi frá verkefnastjóra heilsueflandi samfélags um gerð hjólræðastígar milli Sólheima og Borgar.

Fyrir liggur bréf frá Gunnari Gunnarssyni verkefnastjóra Heilsueflandi samfélags, dags. 12. maí 2021, þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarfélagsins til þess hvort að leggja eigi hjólræðastíg milli Sólheima og Borgar.

Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið og samþykkir samhljóða að vísa málinu til veitunefndar til frekari umræðu og kostnaðargreiningar.

9. Erindi frá verkefnastjóra heilsueflandi samfélags um gerð bílastæðis við skógræktina við Mosfell.

Fyrir liggur bréf frá Gunnari Gunnarssyni verkefnastjóra Heilsueflandi samfélags, dags. 12. maí 2021, þar sem spurt er út í hug sveitarfélagsins til samstarfs með Skógræktinni um gerð bílastæðis við skógræktina við Mosfell.

Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið og felur oddvita að óska frekari upplýsinga um útfærslu samstarfsins við Skógræktina.

10. Minnisblað starfshóps um sameiginlega vatnsveitu Uppsveita.

Fyrir liggur minnisblað starfshóps um sameiginlega vatnsveitu Uppsveita, dagsett 28. apríl 2021, þar sem fram kemur áætluð skipting stofnkostnaðar milli sveitarfélaganna sem að verkefninu standa. Samkvæmt fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun yrði hlutur Grímsnes- og Grafningshrepps í verkefninu 201.480.000 kr.

Minnisblaðið lagt fram til kynningar.

11. Bréf frá Hreinsitækni ehf. um stöðu mála varðandi förgun úrgangs í Árnessýslu.

Fyrir liggur bréf frá Björgvini Jóni Bjarnasyni f.h. Hreinsitækni ehf., dags. 3. maí 2021, þar sem lýst er yfir áhyggjum af því ófremdarástandi sem uppi er við förgun þess úrgangs sem fellur til við losun stíflna og hreinsunar úr gildrum hjá einstaklingum og fyrirtækjum í Árnessýslu. Þá er óskað eftir því að sveitarfélög á svæðinu og/eða samtök þeirra bæti úr ástandinu og tryggi förgunarstaði fyrir umræddan úrgang.

Bréfið lagt fram til kynningar.

12. Bréf frá Samtökum grænkerana á Íslandi um framboð á grænkerafæði í leik- og grunnskólum.

Fyrir liggur opið bréf frá Samtökum grænkerana á Íslandi, dags. 11. maí 2021, þar sem kallað er eftir því að frá og með hausti 2021 verði hægt að velja um grænkerarétt fyrir þau sem það kjósa í öllum leik- og grunnskólum landsins.

Bréfið lagt fram til kynningar.

13. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um XXXVI. landsþing Sambandsins.

Fyrir liggur bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 4. maí 2021, þar sem tilkynnt er að XXXVI landsþing Sambandsins verði haldið rafrænt þann 21. maí 2021.

Lagt fram til kynningar.

14. Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði 2021.

Fyrir liggur bréf frá Ungmennaráði Ungmennafélags Íslands (UMFÍ), dags. 11. maí 2021, þar sem tilkynnt er að ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði 2021 verði haldin í Héraðsskólanum á Laugarvatni dagana 15.-17. september n.k.

Lagt fram til kynningar.

15. Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. 2021.

Fyrir liggur bréf frá stjórn Landskerfis bókasafna, dags. 4. maí 2021, þar sem boðað er til aðalfundar félagsins í Þjóðarbókhöð, Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni, þann 19. maí 2021.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ragna Björnsdóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

16. Aðalfundur Límtés Vírnets ehf. fyrir árið 2020.

Fyrir liggur bréf frá stjórn Límtés Vírnets ehf, dags. 4. maí 2021, þar sem boðað er til aðalfundar félagsins fyrir árið 2020 þann 20. maí n.k. í límtésverksmiðjunni á Flúðum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Smári Bergmann Kolbeinsson verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

17. Aðalfundur Háskólafélags Suðurlands 2021.

Fyrir liggur bréf frá Háskólafélagi Suðurlands, dags. 5. maí 2021, þar sem boðað er til aðalfundar félagsins þann 19. maí 2021. Fundurinn verður haldinn með fjarfundarsniði.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Björn Kristinn Pálmarsson verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

18. Ársfundur Náttúruhamfaratryggingar Íslands 2021.

Fyrir liggur boðskort frá Náttúruhamfaratryggingum Íslands (NTÍ) á rafrænan ársfund NTÍ sem haldinn verður þann 20. maí 2021.

Lagt fram til kynningar.

19. Beiðni Landgræðslunnar um umsögn á drögum að landgræðsluáætlun 2021-2031 og á drögum að umhverfismati áætlunarinnar.

Fyrir liggur beiðni Landgræðslunnar um umsögn á drögum að landgræðsluáætlun 2021-2031 og á drögum að umhverfismati áætlunarinnar.

Lagt fram til kynningar.

20. Beiðni Skógræktarinnar um umsögn á drögum að landsáætlun í skógrækt 2021-2031 og á drögum að umhverfismati áætlunarinnar.

Fyrir liggur beiðni Skógræktarinnar um umsögn á drögum að landsáætlun í skógrækt 2021-2031 og á drögum að umhverfismati áætlunarinnar.

Lagt fram til kynningar.

21. Ársfjórðungsskýrsla Hjálparsveitarinnar Tintron.

Fyrir liggur ársfjórðungsskýrsla Hjálparsveitarinnar Tintron fyrir fyrsta fjórðung ársins.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

22. Stöðuskýrsla nr. 14 frá uppbyggingarteymi félags- og atvinnumála vegna Covid-19.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Maríu Ingibjörgu Kristjánsdóttur hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, dags. 6. maí 2021, þar sem kynnt er 14. stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

23. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 109/2021, „Ræktum Ísland! Umræðuskjal um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland“.

Fyrir liggur að Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 109/2021, „Ræktum Ísland! Umræðuskjal um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland“.

Skjalið lagt fram til kynningar.

24. Mennta- og menningarmálaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 113/2021, „Endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla“.

Fyrir liggur að Mennta- og menningarmálaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 113/2021, „Endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla“.

Lagt fram til kynningar.

25. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingar á lögum um fjöleignarhús, 597. mál.

Fyrir liggur beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingar á lögum um fjöleignarhús, 597. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

26. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 762. mál.

Fyrir liggur beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 762. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

27. Sumarlokun á skrifstofu Grímsnes- og Grafningsshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps verði lokuð vegna sumarleyfa starfsmanna frá 19. júlí til og með 6. ágúst 2020.

28. Sumarleyfi sveitarstjórnar og næstu fundir hennar.

Samþykkt er samhljóða að sveitarstjórn verði í sumarleyfi seinni fund í júlí og fyrri fund í ágúst. Næstu fundir sveitarstjórnar verða því 2. júní, 16. júní, 7. júlí og 18. ágúst kl. 9:00.

29. Önnur mál.

a) Samningur um refa- og minkaveiðar í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur samningur um refa- og minkaveiðar í Grímsnes- og Grafningshreppi við Jón Matthías Sigurðsson. Tímabil ráðningar er 15. maí 2021 til 1. maí 2024.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samning og felur sveitarstjóra / oddvita að undirrita samninginn.



ÍBÚAFUNDUR

Íbúafundur verður haldinn í Félagsheimilinu Borg
mánudaginn 14. júní nk. kl. 19:30

Dagskrá:

1. Ársreikningur Grímsnes- og Grafningshrepps 2020.
2. Önnur mál.

Sveitarstjórn



Þjónustuskrá



Opið alla daga til 20. júlí
frá 10-16. Lokað 17.júní

www.artangi.is

Feðgaverk

Klausturhólar 805 Selfoss
Sími: 848-1123 Jóhannes &
868-4115 Guðmundur
verktaki89@gmail.com



Sveitagarðurinn

**Komdu og skoðuðu
dýrin og
hoppukastala
frá 12-18**

Finndu okkur á Facebook

Smiðsholt

Smiðsholt ehf

S: 897-4951

Öll almenn trésmiðavinna
Löggiltur húsasmíðameistari

Straumver ehf

www.straumver.is
Kringla 2 Grímsnes- og Grafningshr.
805 Selfoss
Askalind 7 201 Kópavogur
Sími: 892-0518 / 866-6068
straumver@gmail.com

Úlfjótswatn



Fjölskyldutjaldsvæði



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

**Kaffi í Grænukönnunni,
listsýningar og viðburðir í
allt sumar Opið 11-18**

Tjaldsvæðið Borg

Opið í allt sumar

**Viðburðir þegar veður leyfir
Upplýsingar á Facebook**

Viðburðardagatal Grímsnes og Grafningshrepps sumarið 2021

Júní:

1. júní	Tjaldsvæðið Úlfjótuvatni opnar	
5. júní	Tónleikar á Sólheimum - Stjörnulið Sólheima	
12. júní	Tónleikar á Sólheimum - Inga Björk	
17. júní	Þjóðhátíðardagurinn	
19. júní	Tónleikar á Sólheimum - Óvæntir gestir !	
26. júní	Tónleikar á Sólheimum - Jónas Sig og Ómar Guðjónsson	

Júlí:

	Hoppukastalar Skátalands á Úlfjótuvatni allan júlí	
3. júlí	Tónleikar á Sólheimum - Regína Ósk	
10. júlí	Tónleikar á Sólheimum - Salka Sól	
17. júlí	Tónleikar á Sólheimum - Axel Ó	
24. júlí	Tónleikar á Sólheimum - Herra Hnetusmjör	
31. júlí	Tónleikar á Sólheimum - Teitur Magnússon	

Ágúst:

Verslunarmannahelgi

	Fjölskylduhátíð á Úlfjótuvatni	
1. ágúst	Harmonikuunnendur koma saman á Tjaldsvæðinu Borg Sléttusöngur á Tjaldsvæðinu Borg – sunnudag	
7. ágúst	Tónleikar á Sólheimum - Óvæntir gestir !	
7. ágúst	Grímsævintýri á BORG	
14. ágúst	Þorgeir Ástvaldsson og vinir, minningartónleikar Ragga Bjarna Lífræni Dagurinn	
15. ágúst	Íbúum Gogg boðið heim.	
21. ágúst	Tónlist fyrir gesti og gangandi á Sólheimatorgi Tónleikar á Sólheimum - Friða Dís	

Frekari upplýsingar um viðburði á heimasíðu Sólheima, Úlfjótsvatns og Gogg.



505. fundur Sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps 14.05 kl. 09:00 - 10:30 í Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Smári Bergmann Kolbeinsson
Ingibjörg Harðardóttir
Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Ársreikningur samþykktur samhljóða og áritaður af sveitarstjórn.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að halda íbúafund um ársreikning sveitarfélagsins í Félagsheimilinu Borg, mánudaginn 14. júní kl. 19:30.

2. Fundargerð 85. fundar stjórnar byggðasamlags UTU, 24. apríl 2021.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Drög að samþykktum UTU.

Jóhannes fór yfir drög að uppfærðum samþykktum UTU. Nokkrar breytingar eru í drögunum og hefur verið tekið tillit til athugasemda sem gerðar voru af Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Rætt var um þær breytingar sem lagt er upp með og hvað þær fela í sér. Samþykkt að leggja fyrir sveitarstjórnir þau drög sem lágu fyrir til umfjöllunar. Jóhannesi falið að taka saman kynningu á þeim breytingum sem verða á samþykktum sem starfsmenn UTU munu svo kynna á fundum hjá sveitarstjórnnum allra sveitarfélaganna.

Á fundinn mættu Davíð Sigurðsson, Vigfús Þór Hróbjartsson og Jóhannes Hr. Símonarson og kynntu drög að uppfærðum samþykktum UTU. Helstu breytingarnar á samþykktunum eru

annars vegar ný grein um eignarhluta sveitarfélaganna í byggðasamlaginu, og hins vegar að í ákveðnum og vel skilgreindum tilvikum muni sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna framselja vald sitt til fullnaðarákvarðana mála til skipulagsnefndar, skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa í þeim tilgangi að flýta afgreiðslu mála.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

3. Ósk um hættumat til Veðurstofu Íslands.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps vinnur að endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins.

Við vinnuna hefur komið í ljós að sveitarstjórn telur þörf á að bæta frekari upplýsingum við núverandi hættumat við ákveðið svæði við Hvítá, þ.e. við Hvítá og upp læki og ár frá Öndverðarnesi að Hestfjalli.

Undanfarin ár hafa orðið ísstíflulóð á svæðinu með tilheyrandi eignatjóni m.a. sökum þess að Hvítá hefur stíflast með þeim afleiðingum að hún hefur rutt sér leið upp eftir Höskuldslæk.

Í umsögn starfsmanna Veðurstofunnar vegna fyrirspurnar varðandi flóð í Hvítá – Nesvegur og Höskuldslækur frá 5. mars 2021 segir: „Ekki er talin þörf á nýju hættumati en mögulega myndi þó gagnast að bæta frekari upplýsingum við núverandi hættumat vegna þessarar tilteknu staðsetningar. Þannig má ætla að hægt sé að nota upplýsingar úr fyrirliggjandi skýrslum og aðeins bæta við hermun á þessum tiltekna stað vegna ísstíflulóða“.

Sveitarstjórn óskar því hér með eftir að Veðurstofa Íslands bæti frekari upplýsingum við núverandi hættumat fyrir svæðið frá Öndverðarnesi og að Hestfjalli með ár og læki út frá Hvítá í huga, sér í lagi Höskuldslæk.

EFLA hefur unnið aðalskipulagsvinnu fyrir sveitarfélagið og meðal annars teiknað upp flóðalínur út frá þeim gögnum sem liggja fyrir um flóðin sem hafa átt sér stað undanfarin ár og stendur Veðurstofu Íslands til boða að nýta þau gögn og vera í sambandi við EFLU.

Fjallskil 3

Hef ég fundið, heyrt og reynt hestsins vit og snilli þegar ekki gat ég greint götujaðra milli.

Trúlega hef ég farið mína fyrstu ferð fyrir Þóróddsstaði á Grímsnesafrétt haustið 1976. Það var eftirleit, og sagði ég frá henni í fyrri grein. Leitarsvæðið var allur Grímsnesafréttur, sem í fyrstu leit var skipt á milli Austur- og Vesturleitar. Hér verður ekki hirt um að gera nánari grein fyrir leitarsvæðinu, örnefnum þess, sögum og sögnum. Sama gildir um tilhögun smalamennskunnar og aðbúnað fjallmanna og fjallhesta. Fróðlegt væri í því sambandi að rifja upp Austurleitarvísur Gylfa Þorkelssonar, sem birtust í Hvatarblaði á haustmánuðum 2012 – að mig minnir. Þar er ótal örnefnum til haga haldið, og sagt frá mörgu smáskrýtnu og skemmtilegu sem á dagana drífur leitardagana. Líka greinir þar frá því hvernig skuli bera sig að við að nota kamarinn, sem loks var komið upp við Kerlingu um aldamótin síðustu, sannkallaðri furðusmið: **Kamarinn í Kerlingu er kúnt að nýta. / Þú berar úti bossann hvíta / og bakkar inn, til þess að skíta. / Aftur sama aðferð þegar út er farið; / á hækjum sér, með höfuð marið / og helgidæmið allt óvarið.**

Hannes á Kringlu var fjallkóngur í þessari fyrstu fjallferð minni - og lengi síðan. Hannes var margfróður viskubrunnur um landafræði, jarðsögu og þjóðlegan fróðleik – gamall þulur sem ég verð lengi þakklátur fyrir að hafa kynnst. Hannes átti jafnan eðalvín, koníak eða eldfornt viskí. Hann tók upp flöskuna þegar allir voru ferðbúnir að morgni, gekk á milli manna og bauð sopa – en bara einn. Svo fór flaskan ofan í fjallskrinuna og var ekki tekin fram fyrr en morguninn eftir, að „athöfnin“ var endurtekin. Aðrir leitarmenn voru Gunnar á Hömrum, trússari, sem ráð kunni við öllum vanda og Böðvar á Búrfelli, margfróður sögumaður. Allir voru þeir sveitarhöfðingjar í mínum huga, sem þá mátti heita utansveitarmaður.

Um aðra samferðamenn í þessari fyrstu fjallferð minni á Grímsnesafrétt er mér ekki svo glögg í bili, enda urðu ferðirnar margar úr þessu og samferða varð fjölbreytt lið fjallmanna og kvenna, ýmist í eftirleit eða fyrstu Austurleit. Í þá leit fór ég fyrst 1987, að mig minnir – og var þá fjallkóngur, þótt ekki gæti ég klárað leitina, sökum kennarastarfs míns. Síðustu fjallferð mína á Grímsnesafrétt – a.m.k. í bili – fór ég trúlega haustið 2006 eða -7, og heilsufar bannaði frekari ævintýr. Þá voru liðin meira en fjörutíu ár frá fyrstu fjallferðinni, og þeirri eftirminnilegustu.

Meðal samferðamanna í þessum seinni fjallferðum voru ennþá fleiri sveitarhöfðingjar í Grímsnesi, sem entust dæmalaust vel til fjallferða. Minnisstæðastir af þeim sem enn eru ótaldir, eru Sigurður á Bjarnastöðum og Gunnar á Stærribæ, sem báðir voru fjallkóngar í Austurleit um sína daga – Siggi í tugi ára, rétt eins og Böðvar á Efri-Brú í Vesturleit. Úr Vesturleit – því í Kringlumýri sameinuðust leitirnar - nefni ég líka bræðurna Tryggva í Björk og Reyni í Eyvík, grandvara alvörumenn sem ekki létu sitt eftir liggja að standa fyrir sínu og leggja af mörkum svo takast mætti farsælega að hreinsmala afréttinn. Ég hafði ekki fyrr kynnst slíkum ofurmetnaði við smalamennskur, eins og ég skynjaði fljótt hjá öllum þessum mönnum. Gerir nokkuð til þó ég nefni sérstaklega Hannes á Kringlu, Sigga á Bjarnastöðum og Gunnar á Hömrum? Altént settu þeir viðmiðið með fordæmi sínu, þótt ólíkir væru.

Sigurður á Bjarnastöðum hélt raunar uppá 60 ára fjallferðaafmæli sitt, áður en hann lét endanlega af fjallferðum. Trúlegt þykir mér að fáir Grímsnesingar hafi um sína daga átt fleiri spor og snúninga við sauðkindina, amk. af seinni tíma mönnum. Hann kom mér fyrir sjónir sem nærfærinn skepnuvinur, hestlaginn svo af bar. Siggi stóð fast á sínu, fór sér að engu óðslega en setti mark sitt á allt sem fram fór í smalamennskunni. Með Gunnari á Stærribæ fór ég margoft í Austurleitina, sennilega í 20 ár samfleytt, og hann var kominn hátt á áttæðisaldur er hann fór sína síðustu fjallferð. Þótt við Gunnar værum hvor af sinni kynslóð, átti ég þar að mæta hlýju vinarþeli sem entist allt til efsta dags þessa öðlings. Þegar Gunnar Ágústsson á Stærribæ varð áttæður hinn 7. febrúar 2006, sendi ég honum þessa kveðju:

**Ósk á blaðið fæ ég fest / fornar loga glóðir.
/ Þangað til að sólin sest / sértu hestfær, bróðir.**

Allir þessir góðu Grímsnesingar áttu það sammerkt að vera afbragðs félagar, nokkuð yfirborðshrjúfir og sumir hlaðkaldir - en undir sló gott hjarta. Þeir nutu þess að varpa af sér oki hversdagsins og ríða frjálsir til fjalls með hund sinn og hest – en jafnframt voru þeir fyrst og fremst ábyrgir smalar sem sáu aldrei eftir sér í fyrirhleyplingar og fjallapríl, fyrirstöðusnúninga og fjárrag, allt frá því að sauðljóst varð að morgni og fram í brúnamyrkur, ef því var að skipta.

Marga fleiri fjallmenn, sem ég hef orðið samferða, væri vert að nefna – en þeir sem nefndir hafa verið eru nú allir dánir, og læt ég það ráða úrslitum. Við minninguna er nú gott að ylja sér.

Bjarni Þorkelsson

Úr starfi Lionsklúbbsins Skjaldbreiður starfsárið 2020-2021.

Um leið og við Lionsfélagar í Skjaldbreiður kveðjum starfsárið 2020-2021 þá óskum öllum gleðilegs sumars og farsældar.

Starfið hjá okkur hófst á haustdögum í höftum og takmörkunum út af þið vitið, ef allt er í eðlilegu farvatni þá er fundað tvisvar í mánuði, en við skipum þessu þannig að við höldum formlegann fund og förum svo í heimsóknir. Þetta fyrirkomulag er að okkur finnst mjög gott og gerir vetrarstarfið skemmtilegra og áhugasamara, hitta mann og annan. Á þessu varð sem sagt breyting, í stað þess að hittast var farin sú leið að halda rafræna fundi og virða fjarlægðarmörk það er menn hittust nokkrir saman og síðan voru fundir í netheimum, náðum við að halda níu svona fundi og förum í tvær heimsóknir. Við þökkum Vertanum og starfsfólkinu á Minni Borgum kærlega fyrir aðstöðuna sem við fengum hjá þeim. Tveir nýjir félagar bættust í hópinn á þessu starfsári.

Fjáraflanir gengu bara nokkuð vel þrátt fyrir ástandið, en helsti bakhjarl okkar er sveitarfélagið okkar Grímsnes- og Grafniðshreppur, en við höfum sinnt ýmsum hreinsunarverkefnum og viðhaldi og kunnum við hinar bestu þakkir fyrir.

Helstu stuðningsverkefni okkar er það sem má kalla nærsamfélagið, má þar telja Leikfélag Sólheima, Leikfélagið á Borg, Hjálparsvéitin Tintron og einnig styrktum við skólann hér á Borg til kaupa á tölvubúnaði sem nýtist við kennslu á notkun við þrívíddar vinnslu og prentun, en samtals námu þessir styrkir 1,450,000. kr.,

Ekkert varð af blóðsykurmælingum í ár, en kannski náum við að taka upp þráðinn á haust dögum. Fjáröflunarverkefnið okkar skötuveisla á Þorláksmessu verður að bíða betri tíma svo og kótilettu kvöldið okkar en báðar þessar upptakomur eru feiki vinsælar og fullt út úr dyrum og komast færri að en vilja.




Hér er svo nýja stjórnin, Sirrý fyrir hönd eiginmanns síns Páls Tryggvasonar, Halli Palli, Sölvi, og Sigurjón.



Hér má svo sjá félagi frá Tntron, Leikfélagsins á Borg, og Leikfélags Sólheima.

Fráfarandi stjórn,
Þorvaldur,
Sigurjón, Kristinn
og Björn Anton



**Tökum að okkur
STÓR og smá verk:
jarðvinnu - tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.**

Feðgaverk

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com



Sumaropnunartími:

Mánudaga:	09:30-18:30
Þriðjudaga:	09:30-18:30
Miðvikudaga:	09:30-18:30
Fimmtudaga:	09:30-18:30
Föstudaga:	10:00 - 20:00
Laugardaga:	10:00 - 20:00
Sunnudaga:	11:00 -18:00

Tilboð eru auglýst á facebooksíðu
verslunarinnar

www.facebook.com/VersluninMinniBorg

Sími: 551-7509

Hlökkum til að sjá ykkur kærviðskiptavinir.

BÓKASAFN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS


Opnunartímar í júní

Þriðjudaga 14 – 17

Miðvikudaga 14 – 17

Fimmtudaga 14 – 17

Ath. lokað miðvikudaginn 2. júní.



Við hvetjum nemendur Kerhólsskóla
til þess að nýta sér opnunina og ná sér í bækur
fyrir sumarlestraráskorun.

Á þessu ári gaf Lions klúbburinn Skjaldbreiður skólanum styrk að upphæð kr. 220.000,- til að kaupa forritunar vélmenni, Dash and Dot. Við höfum notað Dash and Dot til að læra forritun í kennslustundum í nokkra mánuði og þótt það mjög skemmtilegt og lærdómsríkt. Vegna aðstæðna í samfélaginu var ekki formleg afhending og viljum við þakka kærlega fyrir þessa rausnalega gjöf til skólans.

Meðfylgjandi myndir eru af unglingadeildinni með forritunarvélmennin.





Leikfélagið Borg heldur aðalfund
9. júní kl. 20:00 í Félagsheimilinu Borg.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Allir velkomnir.




Nudd og Heilsustofan á Laugarvatni býður uppá;
Jákvæð sálfræði (therapy)
Markþjálfun, Heilsunudd, Meðgöngunudd,
Svæðameðferð.

Auktu vellíðan þína og styrkleika, á þessum
viðkvæmu tímum.

Hjartanlega velkomin.

Katrín Erla S. 862-4809



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

Fréttir af Kvenfélagi Grímsneshrepps Félagsstarfið

Það voru 34 kvenfélagskonur sem hittust á aðalfundi Kvenfélags Grímsneshrepps þann 27. maí í Golfskálanum Kiðjabergi. Aðalfundi sem alla jafna hefði verið haldinn í febrúar ef allt hefði verið eins og það á að vera. Laufey Guðmundsdóttir sem verið hefur formaður kvenfélagsins í sex ár lét af störfum en hún hefur starfað í stjórn félagsins samfleitt í níu ár. Við þökkum Laufeyju fyrir hennar óeigingjarna starf og þau fjölbreyttu verkefni sem hún hefur tekist á hendur með okkur félagskonum. Í formannstíð hennar höfum við sem einstaklingar og félag eflst og þroskast. Stjórn félagsins er í dag þannig skipuð: Formaður Ragna Björnsdóttir, gjaldkeri Hildur Magnúsdóttir og ritari Sigríður Jónsdóttir. Varastjórn skipa: Friðsemð Þórðardóttir, Sigríður Þorbjörnsdóttir og Þóranna Snorraddóttir. Við horfum bjartsýnar fram á sumarið og trúum því að við taki tímar þar sem félagsstarfið okkar fær að blómstra.

Grímsævintýri

Laugardaginn 7. ágúst ætlum við að halda sveitahátíðina okkar Grímsævintýri. Verður hún að öllu óbreyttu með sama sniði og undan farin ár. Munu nefndir hefja undirbúning hennar á næstu dögum.

Heldriborgaraferð

Þótt ekki sé komin nákvæm dagsetning á heldriborgarferð þá hefur hún verið sett á dagskrá í ágústmánuði og mun verða auglýst nánar síðar.

Vorgöngur

Við stefnum að okkar árlegu vorgöngum í júní. Gengið verður um Þrastarskóg fimmtudaginn 3. júní kl. 18 og fimmtudaginn 10. júní kl. 18 verður gegnið um skóginn á Snæfoksstöðum. Við hvetjum sem flesta til þess að koma og ganga með okkur. Kvenfélagskveðja, Ragna Björnsdóttir.

Kvenfélag Grímsneshrepps 2021

27. maí	Aðalfundur
Júní	Vorgöngur
17. júní	Fjallkonan
Júní / júlí	Undirbúningur Grímsævintýra
5. ágúst	Vinnudagur fyrir Grímsævintýri
7. ágúst	Grímsævintýri
Ágúst	Heldriborgaraferð fyrir 60 ára og eldri
September	Haustfagnaður í Mörkinni
September	Haustfundur
25. sept.	Kosningakaffi
15. -17.okt.	Landsþing KÍ í Borgarnesi
Nóvember	Jólabingó
Nóvember	Jólafundur



Kæru félagskonur, endilega takið ofantalda daga frá og merkið í dagatalið.



Glansmyndir er ný myndakassaleiga sem býður upp á glæsilega myndakassa fyrir öll tilefni.

Við bjóðum nú upp á snertilausan myndakassa þar sem þú getur stýrt kassanum beint úr símanum þínum.

Fermingartilboð 2021

Myndakassi og bakgrunnur á 30.900 kr.

Veldu stærri pakkann í bókunarferlinu og notaðu kóðann: ferming2021

 GIF myndir
  Boomerang
  SMS deiling
  QR kóði
  Bakgrunnur

GRUNNPAKKINN

Uppsetning og frágangur
SMS & QR Kóði
Myndir-GIF-BOOMERANG
Myndir aðgengilegar á lokuðu svæði

 GIF myndir
  Boomerang
  SMS deiling
  QR kóði

kr. 34.900

STÆRRI PAKKINN

Uppsetning og frágangur
SMS & QR Kóði
Myndir-GIF-BOOMERANG
Myndir aðgengilegar á lokuðu svæði
Bakgrunnur að eigin vali

 GIF myndir
  Boomerang
  SMS deiling
  QR kóði
  Bakgrunnur

kr. 39.800

ALLUR PAKKINN

Uppsetning og frágangur
SMS & QR Kóði
Myndir-GIF-BOOMERANG
Myndir aðgengilegar á lokuðu svæði
Bakgrunnur að eigin vali
Myndaprentari (100 myndir)

 GIF myndir
  Boomerang
  SMS deiling
  QR kóði
  Bakgrunnur
  Myndaprentari

kr. 49.800

www.glansmyndir.is



Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.



Uppsveitadeildin hóf loksins göngu sína þetta árið og var keppnin hörð og spennandi og gaf góð fyrirheit fyrir keppnissumarið 2021. Fjórangur var haldinn 21.apríl og stóð Rósa Birna Þorvaldsdóttir uppi sem sigurvegari annað árið í röð á stóðhestinum Frá frá Sandhóli.

A ÚRSLIT FJÓRGANGUR

1. JOSERA Rósa Birna Þorvaldsdóttir og Frár frá Sandhól 7,33
2. STORM RIDER Þórarinn Ragnarsson og Leikur frá Vesturkoti 7,23
3. TEAM DENNI DESIGN Ragnhildur Haraldsd. og Úlfur frá Mosfellsbæ 7,20
4. TEAM DENNI DESIGN Ólöf Rún Guðmundsd. og Snót frá Laugardælum 6,67
5. MEISTARI LOFTUR Þorgils Kári Sigurðsson og Fákur frá Kaldbak 6,63

B ÚRSLIT FJÓRGANGUR

5. MEISTARI LOFTUR Þorgils Kári Sigurðsson og Fákur frá Kaldbak 6,77
6. STORM RIDER Brynja Amble Gísladóttir og Goði frá Ketilsstöðum 6,67
7. FELLSKOTSHESTAR Daniel Larsen og Sókrates frá Blesastöðum 1A 6,63
8. TEAM DENNI DESIGN Sara Sigurbjörnsdóttir og Flóki frá Odðum 6,23
9. FELLSKOTSHESTAR Þorgeir Ólafsson og Snilld frá Fells koti 6,03

Það var TEAM DENNI DESIGN sem var stigahæsta liðið í fjórangnum, með alla liðsmenn sína í úrslitum. Í öðru sæti var lið STORM RIDER og lið FELLSKOTSHESTA í því þriðja.



Ólöf Rún, Sara og Ragnhildur
TEAM DENNI DESIGN

Rósa Birna og Frár frá Sandhóli

Þann 30.apríl var síðan keppt í fimmgangi og voru það Sara Sigurbjörnsdóttir og Flóki frá Oddhóli sem stóðu uppi sem sigurvegarar.

A ÚRSLIT FIMMGANGUR

1. TEAM DENNI DESIGN Sara Sigurbjörnsd. og Flóki frá Oddhóli 7,31
2. FELLSKOTSHESTAR Þorgeir Ólafsson og Snilld frá Fells koti 6,93
3. STORM RIDER Reynir Pálmason og Silfurskotta frá Sauðanesi 6,67
4. ÁRBÆJARHJÁLEIGA II Karen Konráðs og Lind frá Hárlaugsstöðum 6,52
5. STORM RIDER Þórarinn Ragnarsson og Vörður frá Vindási 4,38

B ÚRSLIT FIMMGANGUR

5. STORM RIDER Þórarinn Ragnarsson og Vörður frá Vindási 6,69
6. STORM RIDER Páll Bragi Hólmarsson og Þekking frá Austurkoti 6,29
7. FELLSKOTSHESTAR Daníel Ingi Larsen og Eva frá Reykjadal 6,14
8. JOSERA Arnar Máni Sigurjónsson og Blesa frá Húnsstöðum 5,52
9. MEISTARI LOFTUR Hákon Dan Ólafsson og Júlía frá Syðri-Reykjum 5,40

Það var lið STORM RIDER sem átti stigahæsta lið kvöldsins, í öðru sæti var lið FELLSKOTSHESTA og TEAM DENNI DESIGN í því þriðja.



Lokakvöld Uppsveitadeildarinnar fór svo fram 12.mai þegar keppt var í skeiði og tölti. Kvöldið hófst á æsispennandi skeiðkeppni þar sem náðust frábærir tímar, m.a. 6 hestar undir 3 sek !

Það var að lokum sigurvegarnir frá því í fyrra, Þorgeir Ólafsson fyrir lið FELLSKOTSHESTA og Ögrunn frá Leirulæk sem náðu besta tímanum 2.81 sek sem er að því er best vitað nýtt hallarmet.

Í öðru sæti var Þórdís Erla Gunnardóttir fyrir TEAM DENNI DESIGN á Óskastjörnu frá Fitjum og þriðji fyrir lið STORM RIDER varð Páll Bragi Hólmarsson á Verði frá Hafnarfirði.

Að skeiðinu loknu hófst forkeppni í tölti. Að lokinni forkeppni var það Sólon Morthens úr liði FELLSKOTSHESTA sem var efstur á glæsihrýssunni Katalínu frá Hafnarfirði með einkunina 7,67.

Efstur inn í B úrslit var Þórarinn Ragnarsson úr liði STORM RIDER á Væntingu frá Vesturkoti. Þórarinn og Vænting héldu sinni forystu allt til enda og stóðu uppi sem sigurvegarar B úrslita með einkunina 6,89. Þórarinn tók þá ákvörðun að láta þar við sitja og taka ekki sæti í A úrslitum, hryssan einungis 6 vetra í sinni og í sinni fyrstu keppni, glæsileg byrjun það. Röð efstu sæta breyttist þó ekki frá forkeppni og var það Sólon Morthens úr liði FELLSKOTSHESTA sem sigraði örugglega á Katalínu frá Hafnarfirði með einkunina 8.08. Í öðru sæti fyrir TEAM DENNI DESIGN var Ólöf Rún Guðmundsdóttir á Skál frá Skör með 7.69. Í þriðja sæti einnig fyrir TEAM DENNI DESIGN var Ragnhildur Haraldsdóttir á Úlf frá Mosfellsbæ. Fjórdi fyrir lið STORM RIDER varð svo Sigursteinn Sumarliðason á Huld frá Arabæ með einkunina 6.92.

A ÚRSLIT TÖLT

- 1 FELLSKOTSHESTAR Sólon Morthens/Katalína frá Hafnarfirði 8,08
- 2 TEAM DENNI DESIGN Ólöf Rún Guðmund./Skál frá Skör 7,69
- 3 TEAM DENNI DESIGN Ragnhildur Haraldsd./Úlfur frá Mosfellsbæ 7,53
- 4 STORM RIDER Sigursteinn Sumarliðason / Huld frá Arabæ 6,92
- 5 STORM RIDER Þórarinn Ragnarsson / Vænting frá Vesturkoti 0,00

B ÚRSLIT TÖLT

- 5 STORM RIDER Þórarinn Ragnarsson / Vænting frá Vesturkoti 6,89
- 6 MEISTARI LOFTUR Þorgils Kári /Sædis frá Kolsholti 3 6,67
- 7 FELLSKOTSHESTAR Þorgeir Ólafsson / Snilld frá Fells koti 6,93
- 8 ÁRBÆJARHJÁLEIGA II Hekla Katharína/Lind frá Hárlaugsst 2 6,06
- 9 JOSERA Egill Már Þórsson / Hryggur frá Hryggstekk 6,00



Eftir gott kvöld, spennandi keppni og flott hross var einungis eftir að kanna hvernig staðan í einstaklings og liðakeppninni væri. Það fór þannig að eftir fjórar greinar voru jafnir í 1-2 sæti með jafnmörg stig Þorgeir Ólafsson úr liði FELLSKOTSHESTA og Þórarinn Ragnarsson úr liði STORM RIDER. Þegar staðan er sú er lítið til innri árangurs í öllum greinum, hver á fleiri gull, hver á fleiri silfur og svo framvegis. Þórarinn hafði lent í öðru sæti í fjórgangi, fimmta sæti í fimmgangi, sjöunda sæti í skeiði og fimmta sæti í tölti. Þorgeir hafði hinsvegar fyrr um kvöldið sigrað skeiðið og því stóð hann feti frammar og stóð uppi sem sigurvegari. Hann hafði einnig náð níunda sæti í fjórgangi, öðru sæti í fimmgangi og sjöunda í tölti. Þorgeir lék því sama leik og í fyrra, sigrði í einstaklingskeppninni og tefldi fram Snilld frá Fellskoti í allar greinar nema skeið þar sem hann mætti með Ögrunn frá Leirulæk.

NIÐURSTÖÐUR ÚR EINSTAKLINGSKEPPNI

- 1 Þorgeir Ólafsson FELLSKOTSHESTAR 57
- 2 Þórarinn Ragnarsson STORM RIDER 57
- 3 Þorgils Kári Sigurðsson MEISTARI LOFTUR 45
- 4 Rósa Birna Þorvaldssdóttir JOSERA 43
- 5 Sólun Morthens FELLSKOTSHESTAR 41

Spennan var einnig mikil í liðakeppninni. Ef við rifjum upp stigahæstu lið í hverri grein eftir tímabilið þá varð fljótt ljóst að baráttan yrði helst milli þriggja liða. Fjórganginn sigrði TEAM DENNI DESIGN, skeiðið sigrði lið FELLSKOTSHESTA og fimmgang og tölt sigrði lið STORM RIDER.

LOKANÍÐURSTAÐA Í LIÐAKEPPNI ÁRÍÐ 2021

1. STORM RIDER 153.5
2. FELLSKOTSHESTAR 144
3. TEAM DENNI DESIGN 139
4. JOSERA 99.5
5. MEISTARI LOFTUR 87
6. ÁRBÆJARHJÁLEIGA II 56

Framkvæmdanefnd þakkar öllu starfsfólki og þeim sem komu að deildinni með einhverjum hætti fyrir vel unnin störf við óvenjulegar og skrítnar aðstæður.

Starfsfólk, keppendur og liðin stóðu sig vel í að aðlaga sig að takmörkunum og er það mat mótshaldara að vel hafi til tekist þó við vonum að hægt verði að halda deildina með hefðbundnu sniði á næsta tímabili. Aðalstyrktaraðili deildarinnar eru FLÚÐASVEPPIR og þökkum við þeim kærlega stuðninginn.

Við hvetjum áhugasama til að fylgja Uppsveitadeildinni á facebook og instagram þar sem sjá má nánari úrslit og fleiri myndir og myndbrot frá keppninni. Myndirnar með fréttinni tók Melkorka Gunnarsdóttir.



ÍÞRÓTTAMÍÐSTÖÐIN BORG

SUMAROPNUN



HÆTT ER AÐ HLEYPA OFAN
Í LAUGINA 20 MÍNÚTUM
FYRIR LOKUIN



MÁNUDAGA - FIMMTUDAGA

10:00 - 21:30

FÖSTUDAGA, LAUGARDAGA
OG SUNNUDAGA

10:00 - 18:00

Netfang:

sundlaug@gogg.is

Sími 480-5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is